


Útfelling í varmaskiptistöð og borholu HO-01
Hofstöðum

Vigdís Harðardóttir, Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð VH-HK-99-02A



Útfelling í varmaskiptastöð og borholu HO-01 Hofstöðum,
Unnið fyrir Stykkishólmsbæ.

Tekið var á móti tveim gosflöskum er innihéldu vatn frá varmaskiptastöð (1) og borholu HO-01 (2) Stykkishólmi, þann 2/11 1999. Byrjað var á að sía vökvann í gegnum 0,45 μm pappír. Vökvinn var leiðnimældur en gruggið sem var mjög lítið, nær ekki neitt, var þurkað og því næst skoðað í smásjá.

Helstu niðurstöður eru:

Sýni frá varmaskiptastöð (1).

Leiðni mældist 8740 μS .

Gruggið reyndist vera mest af svörtu sennilega járnsúlfíði (segulmagnað) og þá rautt gjall (oxað) sennilega myndað við suðu úr fóðurröri.

Sýni frá borholu (2).

Leiðni mældist 8790 μS .

Gruggið er aðallega bergbrot af plagíóklasi og stök pýroxen korn sáust. Einnig sáust mattar útfellingar.

Leiðnin hefur mælst undanfarið um 9000 μS en er nú aðeins lægri, gruggið kemur sennilega vegna þess að verið er að skaka í borholunni.